

## Svar

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um stuðning við frjáls félaga-samtök á sviði umhverfis- og náttúruverndarmála.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hefur menntamálaráðuneytið veitt frjálsum félagasamtökum á sviði umhverfis- og náttúruverndarmála fjárstuðning árin 1998–2001? Ef svo er, hvernig hefur þeim stuðningi verið háttað? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.*

Menntamálaráðuneytið hefur ekki veitt frjálsum félagasamtökum, öðrum en þeim sem starfa að íþróttá-, æskulýðs- og menningarmálum, stuðning til starfsemi sinnar, enda hefur ráðuneytið ekki með umhverfis- og náttúruverndarmál að gera, né fengið fé til slíks í fjárlögum. Hins vegar er ljóst að mörg þeirra félagasamtaka er fá fjárstuðning frá Alþingi og menntamálaráðuneytinu vinna beint og óbeint að þeim málaflokkum er fyrirspurnin nær til. Má í því sambandi m.a. benda á ÍSÍ, UMFÍ, skáta og KFUM og KFUK svo að nokkur samtök séu nefnd.